



E 14/2017

**Fyrirspyrjandi** Ulf Leirstein (FrP)  
**Til** Ríkisstjórn Norðurlanda

Til ríkisstjórn Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn um hvort upplýsingaskipti um sviptingu leyfis til dýrahalds í einu landi skuli hafa áhrif í öðru norrænu landi**

Vísað er til fyrri skriflegra fyrirspurna frá Vigdis Giltun (FrP) um sama málefni (E 1/2012 og E 6/2012), og þingmannatillögunnar A 1562/næring.

Mismunandi ákvæði gilda í norrænu löndunum um sviptingu leyfis til dýrahalds. Ef einstaklingur er sviptur leyfi til dýrahalds í Noregi er ekki hægt að framfylgja sviptingunni annars staðar á Norðurlöndum. Einstaklingurinn getur því flutt úr landi og tekið upp dýrahald annars staðar. Sú var raunin í þessu alvarlega máli um dýraníðslu: <http://www.dagbladet.no/nyheter/dette-fant-inspektorene-hos-dyremishandlaren/63464520>

Vigdis Giltun (FrP) lagði fram tillögu í Norðurlandaráði 2012 (A 1562/næring) þess efnis „að svipting leyfis til dýrahalds í einu norrænu landi gildi einnig í hinum löndunum“. Efnahags- og viðskiptanefndin komst að þeirri niðurstöðu að „Norðurlandaráð beini(r) þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að skapað verði norrænt kerfi eða tengslanet til skipta á upplýsingum um dæmi um slæmt dýrahald“.

Að sögn norska matvælaeftirlitsins (Mattilsynet) eru engin formleg viðvörunarkerfi fyrir hendi milli landanna um bann eða refsingu vegna dýrahalds. Matvælaeftirlitið segist ennfremur svara fyrirspurnum sem berast um hvort tiltekin mál séu á skrá, en að enginn samningur um upplýsingaskipti liggi fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu vil ég beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórn Norðurlanda:



- Munu ríkisstjórnir Norðurlanda fylgja eftir tilmælum Norðurlandaráðs um að koma á sameiginlegu norrænu kerfi eða tengslaneti fyrir upplýsingaskipti um mál af þessu tagi?

Ósló, 10. maí 2017

*Ulf Leirstein (FrP)*